



Hugmyndir foreldra um þátttöku og samstarf í leikskólum

RannUng, Menntakvika

2. október 2015

Arna H. Jónsdóttir

arnahj@hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika



Lifelong
Learning
Programme



Efni fyrirlesturs

- Fræðilegur þáttur
 - Samstarf barna, foreldra og leikskólakennara
 - Samstarf á mótum skólastiga
- Niðurstöður rannsóknar
- Umræður
- Að hverju þarf að huga?





Samstarf barna, foreldra og leikskólakennara

- Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla benda til þess að gott samstarf með sameiginlegum markmiðum stuðli að námi og vellíðan barna (Epstein 1995; Knopf and Swick, 2007; Weiss, Caspe and Lopes, 2008) en jafnframt virðist erfitt að koma því á (Brooker, 2010)
- Fram kemur í EPPE rannsókninni að samstarf við foreldra um menntun barnanna skiptu miklu máli fyrir framtíðarstöðu þess (Sylva o.fl., 2004)





Samstarf barna, foreldra og leikskólakennara

- Rannsóknir um samstarf þessara þriggja aðila er erfitt að finna en flestar tengjast þó þessum þremur aðilum
- Niðurstöður rannsókna á samstarfi foreldra og leikskólakennara í íslenskum leikskólum:
 - Mikil áhersla er lögð á að byggja upp traust og efla vellíðan, minni á sameiginleg markmið og nám barnanna (Jóhanna Einarsd. og Bryndís Garðarsdóttir, 2007; Kristín Björk Jóhannsdóttir, 2012)
 - Samstarf starfsfólks og foreldra í íslenskum leikskólum virðist að mestu óformlegt spjall og þátttaka foreldra snýr að skemmtunum og ferðum (Anna Magnea, 2009; Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007)
 - Frá 2008 hafa verið starfandi foreldraráð með skilgreint vald í leikskólum





Samstarf barna, foreldra og leikskólakennara

- Leikskólakennarar hafa lagt áherslu á að sannfæra foreldra um menntunargildi leikskólans og ólíkar stefnur þeirra, telja sig hafa náð þar árangri og að foreldrar hafi sambærilegar hugmyndafræðilegar áherslur og þeir
- Foreldrar höfðu þó aðrar skoðanir á ýmsu sem fram fór í leikskólastarfinu (Arna H. Jónsdóttir, 2012)





Samstarf á mótum skólastiga

- Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 34)
- Gera þarf grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámskrá hvers leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 34)





Samstarf á mótum skólastiga

- Reynsla barna af fyrstu árum skólagöngu getur haft áhrif á framtíðarskólagöngu þeirra og námsárangur (Rimm-Kaufman og Pianta, 2001), þar skiptir samstarf aðila og mikil tengsl höfuðmáli
- Ef samstarf á mótum skólastiga skiptir svo miklu máli hvers vegna er það ekki meira og betra?





Rannsóknin

- Eigindleg rannsókn
- Hálf opin viðtöl í tveimur rýnihópum við 13 foreldra í þremur leikskólum, 10 konur og 3 karla
- Frumniðurstöður úr þessum viðtölum kynntar hér

- Auk þess viðtöl við 9 foreldra í rannsókn Lenu





Niðurstöður:

Pátttaka foreldra í leikskólastarfi ...

- *Pátttaka foreldra í leikskólastarfi* þýddi í þeirra huga að hafa áhrif, vera spurð, að vera í foreldraráði/ foreldrafélaginu, styðja við starfið, beita sér gagnvart yfirvöldum og vita hvað gerist dags daglega
- *Tilgangur með pátttöku foreldra* að börnin skynji að samskiptin séu góð, virðing og traust ríki, það eykur öryggi þeirra; hægt að taka upp mál við starfsmenn sem barnið ræðir heima og biðja t.d. um breytingar; auka gæði og vellíðan barna
- Styrkir áframhaldandi skólagöngu að foreldrar taki þátt, þekkist og þekki börnin á deildinni





Þátttaka foreldra í leikskólastarfi

- *Þátttaka foreldra* fer mikið fram „í gegnum barnið“ en starfsfólk og foreldrar þurfa einnig að ræða saman
 - „Maður veit í rauninni ekki hvað fer fram nema barnið ræði það við mann ...“
- Starfsmannavelta hefur mikil áhrif á þátttöku foreldra og samstarfið





Noktun samfélagsmiðla

- Facebook er heppilegri en tölvupóstur
- Bæði starfsfólk og foreldrar þurfa að vera inni á síðunni
- Foreldrar vanir að nota Facebook í grunnskólanum, flestir telja að leikskólinn/foreldrafélagið ætti að vera með síðu (tilkynningar, smáfréttir úr daglega starfinu)
- Setja þarf reglur um notkunina, m.a. ekki rætt um starfsfólk, ekki settar inn myndir





Vilja foreldrar hafa meiri áhrif?

- Ef barninu líður vel þá er maður ekki að skipta sér af eða þæla í hlutunum
- Mikið um óformleg samskipti foreldra
- Nefnd eru nokkur dæmi um aukin áhrif
 - Vilja ráð fyrir foreldra í hverfum, eða fleiri áheyrnarfulltrúa SKF
 - Leikskólakennari sem ákvað að hætta, foreldri hefði viljað hafa áhrif þá
 - Einnig hverjir verði saman í 1. bekk í grunnskólanum





Þátttaka barna í leikskólastarfi

- *Þátttaka barna*, að mati foreldra, felst m.a. í að segja sína skoðun, taka þátt í að móta starfið, taka þátt í ýmsum störfum (umsjónarmenn), hafa áhrif og val, að orðið sé við óskum þeirra
- Að þeim sé kennt að taka þátt, vera virk





Hugmyndir að samstarfsverkefni aðilanna þriggja


- Fundir foreldra, barna og starfsfólks
- „Nemendalýðræði“, sbr. grunnskólinn
- Ræða málin heima og undirbúa börnin fyrir ákvarðanatöku í leikskólanum, ekki allir inn á því
- Ekki komu fram margar hugmyndir





Samstarf leik- og grunnskóla

- Foreldrum finnst að brúa þurfi bilið enn betur en gert er
 - Nefnt dæmi frá Danmörku um 6 vikna dvöl á frístundaheimili, eru með stóru krökkunum, starfsfólkið kynnist þeim, raðað í bekki í kjölfarið, frístundaráðgjafi vinnur með hverjum bekk, allt er mýkra
 - Vilja tengja mun betur saman leik- og grunnskóla en finnst leikskólinn hafa gert vel





Samstarf leik- og grunnskóla

- Hvað vilja þau gera í málunum?
 - Börnin þurfa að kynnast umhverfi grunnskólans mun betur
 - Misjafnar reglur í grunnskóla og frístund, erfitt að aðlagast á báðum stöðum í einu
 - Eðlilegt að börnin fari í frístundina fyrr, betra einnig fyrir aðlögunina í leikskólanum
 - Viðhorf þurfa að breytast í grunnskólanum og hjá þeim sem stjórna
 - Hafa meiri áhrif á ferlið allt, berjast fyrir samstarfi





Samstarf leik- og grunnskóla

- Hvað vilja þau gera í málunum?
 - Foreldraráð leikskólans hafi samband við ráðið í grunnskólanum
 - Þarf skýrari reglur í námskrá eða frá rekstraraðila hvernig ferlið á að vera á síðasta leikskólaárinu
 - Skiptar skoðanir um hvort hafa eigi „skólahópa“ til að undirbúa börnin fyrir grunnskólann
 - „Annað hvort að byrja hér á því að sitja kyrr og tala ekki eins mikið eða hinum megin að mjaka þeim svona rólegra inn í það“





Áhrif barnanna í ferlinu?

- Þögn ...
- Sumum finnst að börnin geti lítil áhrif haft á ferlið, hafi litlar forsendur til þess á meðan þau eru í aðlögun
- Aðrir: Ræða við þau fyrir hverju þau kvíði, hvað þau vilji sjá, hvað þau vilji upplifa, hvað þau vilja helst, hvað á ég að gera í grunnskólanum, hvernig fer ég í röð eftir matnum og þetta og hitt

...



HÁSKÓLI ÍSLANDS





Umræður

- Líðan barna og öryggi skiptir foreldra miklu máli
- Foreldrarnir virðast gera sé mikla grein fyrir mikilvægi þess að þeir taki þátt, ekki síst við mót skólastiga
- Þeir voru ánægðir með samstarfið í leikskólanum, fannst það temmilegt, en vildu styrkja samstarfið við grunnskólann með ýmsum hætti
- Þeir höfðu ekki margar tillögur um samstarfsverkefni barna, starfsfólks og foreldra í leikskólanum og sáu ekki hvernig þátttöku barna gæti verið háttað í „aðlögunarferli“ í grunnskóla





Umræður

- Í samstarfi við grunnskólann horfðu þeir fyrst og fremst á aðlögunarferli að stofnuninni (þegar bjallan hringir ...)
- Eitt foreldri lýsti áhuga á formlegri skólastund, annar vildi að barnið léki sér sem lengst
- Þeim fannst að samstarf ætti að vera bæði við grunnskólann og frístundina





Vangaveltur

- Það virðist nokku flókið að sjá fyrir sér samstarfsverkefni barna, starfsfólks og foreldra
- Hvernig tryggjum við best áhrif barna í þessu ferli?
- Höfum við hugað nægilega að samstarfi við frístundina og gert á því rannsóknir?
- Á að binda skýrar í samþykktir hvernig staðið er að samstarfi skólastiga?

